

# Fundur í ferðamálanefnd Fljótsdalshrepps

- Haldinn á Skriðuklaustri 4.3.2020 kl. 15:30

*Mætt:* Ólöf Sæunn Valgarðsdóttir (Skotta/formaður), Gunnar Gunnarsson (GG), Kristín Gunnarsdóttir, varamaður (KG).

Á fundinum var farið yfir lista yfir verkefni sem vísað var til ferðamálanefndar frá íbúafundi sem haldinn var 11. janúar.

## 1. Kortlagning, skráning, varðveisla og miðlun

Ferðamálanefnd var falið að kortleggja allar náttúruperlur og gönguleiðir, draga saman upplýsingar sem til staðar eru og funda með landeigendum. Vinnu verði lokið fyrir mitt sumar.

Í apríl er áætlað að ráðast í átak í örnefnaskráningu í sveitarfélaginu. Ferðamálanefnd telur skráninguna verða góðan grunn að heildarsamantekt upplýsinga og fyrirhugar nánari vinnu þegar hún liggur fyrir.

Fyrir sumarið telur ferðamálanefnd þó að eftirtalin verkefni séu í forgangi við merkingar: Tröllkonustígur, Melarétt, stígur í Ranaskógi og skilti sem benda á næsta salerni.

## 2. Strútsfoss

Íbúafundurinn lagði áherslu að stígurinn að fossinum yrði lagaður, settar betri leiðbeiningar um hvernig farið sé upp að fossinum og útbúa og bæta útsýnisstaði.

Ferðamálanefnd leggur til við sveitarstjórn að kannað verði hvort starfsmenn Vatnajökulspjóðgarðs séu reiðubúnir að taka út stíginn.

Þá leggur ferðamálanefnd að kannaður verði hugur umráðafólks svæðisins í kringum fossinn til frekari stikunar gönguleiðar upp að fossi og umhverfi hans.

## 3. Fjölgun afþreyingar fyrir ferðamenn

Ferðamálanefnd var í samstarfi við Gunnarsstofnun og Upphéraðsklasann falið að kortleggja afþreyingu sem er til staðar.

Fjöldi staða er merktur inn á vefsíðu Ferðamálastofu. Ákveðið að fara yfir listann á næsta fundi ferðamálanefndar. Þá verði einnig farið yfir aðra mögulega afþreyingarmöguleika sem komið hafa inn á borð ferðamálanefndar.

## 4. Hátíðir

Ferðamálanefnd var falið að endurskoða og útfæra stórviðburði í dalnum, svo sem Fljótsdalsdaginn, réttardaginn og/eða bæta við nýjum.

*a) Umhverfisdagur 16. júní*

Samfélagsnefnd hefur gert tillögu um tiltektar- og umhverfisdag í sveitinni 16. júní. Ferðamálanefnd lýsir stuðningi við hugmyndina.

*b) Réttardagur*

Ferðamálanefnd hefur lýst ánægju með markað samhliða Melarétt síðustu ár og hvetur til þess að honum verði haldið.

Dansleikjahald hefur gefist ágætlega en á forræði húsnefndar.

Nefndin lýsir yfir jákvæðni gagnvart hugmyndum um ýmsa dagskrá í kringum réttardagshelgina en telur þær á frumkvæði einkaaðila.

Ferðamálanefnd hvetur til þess að leitað verði leiða, í samráði við sveitarstjórn og fjallskilanevnd, um að auka fræðslu um sauðfjárrækt og smalamennskur í tengslum við daginn og huga að enn frekari markaðssetningar, einkum til erlendra gesta.

Ferðamálanefnd leggur til við sveitarstjórn að leitað verði eftir áhugasömum aðilum, eða tilboðum, í að merkja bæjardilka með eyrnamörkum og bæjarnúmerum.

*c) Fljótsdalsdagur*

Rætt um hugmyndir að hátíð um verslunarmannahelgi, skógardagshelgi eða samhliða Tour de Orminum, sem haldinn verður 15. ágúst.

Formanni falið að kalla saman fund með ferðaþjónustuaðilum og öðru áhugafólki um Fljótsdalsdaginn í apríl. Þar verði einnig ræddar hugmyndir um dag ferðaþjónustunnar.

*d) Dagur skógarræktenda*

Ferðamálanefnd telur hugmyndina áhugaverða og lýsir sig tilbúna til að koma að framgangi hennar en telur frumkvæði að deginum á hendi skógarræktenda.

Fundi slitið 17:00

GG ritaði fundargerð